

# LSK2020

Lýsing fyrir gerð landsáætlunar í skógrækt

Verkefnisstjórn um landsáætlun í skógrækt  
Desember 2019

## 1. Inngangur

Landsáætlun í skógrækt er unnin skv. 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Í samræmi við ofangreind lög skipaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt með erindisbréfi dags. 28. júní 2019. Ber verkefnisstjórnin ábyrgð á gerð áætlunarinnar og nýtur við það stuðnings frá sérfræðingum og öðru starfsfólki Skógræktarinnar. Samkvæmt lögum nr. 33/2019 er skógræktarstjóri formaður nefndarinnar og einn fulltrúi er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS). Aðrir fulltrúar í verkefnisstjórn eru skipaðir af ráðherra án tilnefningar en tveir þeirra skulu vera faglærðir í skógrækt. Verkefnisstjórnin vinnur í umboði ráðherra og skilar tillögum að landsáætlun í skógrækt til hans. Ráðherra kynnir áætlunina fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Áætlunin öðlast síðan gildi með samþykki ráðherra.

Verkefnisstjórn er þannig skipuð:

- Þröstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri, formaður
- Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor
- Jón Ásgeir Jónsson, skógfræðingur
- Marianna Jóhannsdóttir, skógarbóndi
- Salvör Jónsdóttir, skipulagsfræðingur
- Tómas Grétar Gunnarsson, vistfræðingur
- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs Reykjavíkur, tilnefnd af SÍS

Ritari verkefnisstjórnar er Hreinn Óskarsson, skógfræðingur og sviðstjóri samhæfingarviðs Skógræktarinnar.

Við upphaf vinnu að gerð landsáætlunar í skógrækt (hér eftir skammstafað LSK2020) skal skv. lögnum, taka saman *lýsingu* þar sem gerð er grein fyrir þeim áherslum sem fyrirhugað er að hafa við gerð LSK2020, svo sem um forsendur, viðfangsefni og fyrirhugaða kynningu og samráð við mótun stefnunnar. Um LSK2020 gilda einnig lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Slíkt mat ber að vinna fyrir áætlanir sem undirbúnar og samþykktar eru af stjórnvöldum, unnar samkvæmt lögum og marka stefnu fyrir framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000. Fyrsta skref í ferli umhverfismats er gerð *matslýsingar*, þar sem fram kemur: Yfirlit um efni áætlunar; tengsl við aðrar áætlanir; upplýsingar um grunnástand; umhverfisþætti; þætti sem taldir eru valda áhrifum; viðmið og umhverfisverndarmarkmið og að lokum umfjöllun um matsferlið og samráðsaðila.<sup>1</sup>

Lýsingum sem setja skal fram við upphaf vinnu við LSK2020 og við gerð umhverfismats þeirrar áætlunar ber því að nokkru leyti saman og eru hér settar fram í einu skjali, þ.e. lýsingu fyrir gerð landsáætlunar í skógrækt.

## 2. Forsendur og viðfangsefni

Forsendur þessarar vinnu er að finna í 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, þar sem fjallað er um gerð landsáætlunar í skógrækt. Helsta markmiðið með LSK2020 er að taka stefnu og fyrirætlun Íslendinga í skógrækt saman á einn stað. Um leið verður tækifærið notað til að endurskoða áherslur, uppfæra upplýsingar og efna til samráðs. Í LSK2020 verður því fjallað um stöðu og framtíð skóga í landinu, ásamt tölusettum markmiðum um árangur í skógrækt.

---

<sup>1</sup> Skipulagsstofnun 2010. Leiðbeiningablað 10. Umfang og áherslur í Umhverfismati (2.útg).

Hér á eftir fara helstu umfjöllunaratriði/málaflokkar sem (LSK2020) mun fást við. Um hvert atriði verður fjallað sérstaklega, þ.e.a.s. um forsendur, stefnu, aðgerðir, árangursmat og árangursvísa.

Skv. áður nefndri 4. gr. skal landsáætlun í skógrækt taka mið af markmiðum sem fram koma í 1. gr. laganna og eru:

- að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra
- að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni
- ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja
- að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið
- að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd
- að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar og auka þekkingu fólks á málefnum skóga og skógræktar
- að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum
- að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvára

Skv. títt nefndri 4. gr. skal í landsáætlun í skógrækt nánar gera grein fyrir:

- forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags
- vernd og endurheimt náttúruskóga
- ræktun skóga til uppbyggingar skógarauðlindar og umfangi og horfum hvað varðar nýtingu
- sjálfbærri nýtingu skóga

- áhrifum skógræktar á atvinnuþróun og byggð
- aðgengi fólks að skógum til útivistar
- skógrækt í samhengi líffræðilegrar fjölbreytni
- skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga
- öflun þekkingar á skógum og skógrækt og miðlun hennar
- eftirliti með ástandi og nýtingu skóga
- eldvörnum og öryggismálum

Auk þessara atriða leggur umhverfis- og auðlindaráðuneytið í skipunarbréfi verkefnisstjórnar landsáætlunar áherslu á að:

- ná fram hagkvæmni í notkun mannafla og fjármagns
- fjallað sé um endurheimt náttúruskóga á stórum samfelldum svæðum
- samþættingu við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga sem og alþjóðlegar skuldbindingar
- sett verði fram framtíðarsýn til langs tíma
- skilgreind verði markmið ásamt mælikvörðum og hvernig meta skuli árangur
- gerð verði sérstök grein fyrir notkun tegunda í skógrækt og tryggt að ekki verði notaðar ágengar framandi tegundir
- skoða sérstaklega hvernig auka megi þátttöku einstaklinga og félagasamtaka í skógræktarstarfinu
- skoða hvernig útfæra megi samstarf einkaaðila og ríkisins
- samræmi sé á milli landsáætlunar í skógrækt og landgræðsluáætlunar sem unnin er á sama tíma

Þessu til viðbótar verður fjallað um eftirtalin atriði skv. nálgun *Forest Europe*<sup>2</sup> á landsáætlunum í skógrækt:

- Viðmið og vísar um sjálfbærni sbr. Forest Europe [Sustainable forest management criteria and indicators](#) (í íslenskri þýðingu [Sjálfbær skógrækt - viðmið og vísar](#)),
- getu stofnana og sveitarfélaga til að sinna sínu tilætlaða hlutverki
- eflingu menntunar og hæfni
- samræmingu við viðeigandi lög
- fjármögnun framkvæmda

Sem dæmi um hvernig umfjöllunin gæti litið út má taka fyrsta punktinn úr markmiðum skógræktarlaga hér að ofan: Að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.

**Forsendur:** Náttúruskógar þekja aðeins brot af því svæði sem þeir gerðu við landnám. Aukin útbreiðsla þeirra stuðlar að vernd líf-fræðilegrar fjölbreytni, jarðvegsvernd, vatnsvernd, kolefnisbindingu o.m.fl. og samræmist því vel stefnu stjórnvalda og alþjóðlegra samninga í þeim efnum.

**Stefna:** Að auka útbreiðslu náttúruskóga, einkum á rofnu landi og þar sem gróðurfar er rýrt.

**Aðgerðir:** Vinna með sveitarfélögum og bændum að verkefnum sem draga úr sauðfjárbætur á vissum svæðum. Koma fræuþsprettum birkis, víðis og reyniviðar til á þeim svæðum. Stefna að því að þekja náttúruskóga aukist um 10.000 ha á næstu 10 árum.

**Árangursmat:** Kortleggja og mæla útbreiðslu náttúruskóga.

**Árangursvísar:** Flatarmál náttúruskóga samanborið við fyrri mælingar.



<sup>2</sup> MCPFE 2005. National Forest Programmes in Europe.

### 3. Stöðugreining/grunnástand – helstu heimildir

Við stöðugreiningu í upphafi þessa ferlis verður notast við nýjustu og bestu gögn sem völ er á. Þau nýjustu eru [lög um skóga og skógrækt nr. 33/ 15. maí 2019](#).

Almenna lýsingu á stöðu skógræktar á Íslandi er að finna í: [Forestry in a treeless land 2017](#).

Á árunum 2006-2012 fór fram stefnumótunarvinna með þátttöku Skógræktar ríkisins, Skógræktarfélags Íslands og Landsamtaka skógar- eigenda þar sem leitað var til margra aðila innan og utan skógræktargeirans. Vinnan hófst á vegum landbúnaðarráðuneytisins og var það umboð staðfest af umhverfisráðuneytinu eftir flutning Skógræktarinnar þangað 2007. Niðurstaðan kom svo fram árið 2013 í: [Skógrækt á Íslandi – stefna á 21. öld ásamt viðauka](#).

Lítið eitt eldri stefnumótun frá 2010, þar sem einungis var fjallað um skógrækt á lögbýlum (þá landshlutaverkefni í skógrækt) má finna í skýrslu nefndar á vegum landbúnaðarráðuneytisins: [Skýrsla nefndar um mörkun langtímastefnu íslenskrar nytjaskógræktar í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 96/2006](#).

Um tengsl skógræktar við skipulagsáætlanir og mat á umhverfis- áhrifum miðast stöðumat við rit Skógræktarinnar og Skipulags- stofnunar frá 2017: [Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga](#).

Upplýsingar um hvernig skógrækt á lögbýlum er skipulögð og fer fram er að finna í: [Fræðsluefni um skógrækt](#) frá árinu 2014 og [reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015](#) ásamt viðaukum.

Á vegum umhverfisráðuneytisins fjallaði nefnd um [Vernd og endur- heimt birkiskóga](#) og voru tillögur birtar árið 2007.

Um umhverfisáhrif skógræktar verður miðað við ritrýndar niðurstöður rannsókna. Þar liggja m.a. fyrir niðurstöður úr verkefninu [Skógvist](#), einnig [Skógvatni](#) og [ENFORS](#) auk fjölda annarra vísindagreina um umhverfisáhrif skógræktar, bæði innlendra og erlendra, sem vísað verður til í stefnunni og umhverfismati.

[Skógrækt í sátt við umhverfið](#) er afrakstur vinnu sem fram fór á vegum allmargra aðila innan og utan skógræktargeirans og hófst árið 2002.

### Tengsl við aðrar áætlanir

Samfara gerð landsáætlunar í skógrækt verður fjallað um tengsl hennar við aðrar áætlanir sem liggja fyrir eða eru fyrirhugaðar. Þær helstu eru:

#### Áætlanir í vinnslu

*Landshlutaáætlanir í skógrækt* – Þessar áætlanir liggja ekki fyrir en eru í mótnun. Núverandi hugmyndir ganga út á að þær verði gerðar á sveitarfélagsvísu og myndi stefnu hvers sveitarfélags í málefnum skógræktar ásamt lýsingu á verklagi, t.d. varðandi afgreiðslu fram- kvæmdaleyfis. Í landshlutaáætlunum verður sú stefna sem sett er fram í LSK2020 útfærð nánar. Því er mikilvægt að landsáætlunin verði þannig úr garði gerð að um hana sé almenn sátt meðal sveitarfélaga.

*Ræktunaráætlanir vegna skógræktar* – Ræktunaráætlanir eru leiðbein- ingar skógræðings til skógræktanda um framkvæmd skógræktar á tilteknum stað. Þær munu taka mið af stefnu landsáætlunar en ekki er þó gert ráð fyrir að fjallað verði ytarlega um gerð þeirra í landsáætlun, enda á allt öðrum skala.

*Landgræðsluáætlun* – Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt er í mótnun samhliða. Ætlast er til að þar verði samræmi á milli þó að áherslur verði ekki þær sömu. Um samræminguna verður fjallað á sameiginlegum fundum verkefnisstjórna beggja áætlana.

*Skógrækt á vegum annarra en ríkisaðila* (t.d. Kolviðar) – Landsáætlun í skógrækt mun fela í sér almenna stefnu í skógræktarmálum Ísland-

inga. Um þátt einkaaðila verður fjallað í áætluninni og ætla má að þeir taki almennt mið af stefnunni í sinni skógrækt.

### Fyrirliggjandi áætlanir

**Samningar um skógrækt á lögbýlum** - Ekki er gert ráð fyrir sérstakri umfjöllun um þessa samninga í landsáætlun, enda eru þeir ákveðnir með reglugerð nr. 285/2015. Reglugerðin verður endurskoðuð í ljósi landsáætlunar þegar að því kemur.

**Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum** - Landsáætlun í skógrækt mun að hluta byggjast á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og öðrum áætlunum sem henni tengjast. Mikil gerjun er í þessum málum og ætla má að nýjar upplýsingar komi fram á meðan verið er að vinna að áætluninni.

**Landskipulagsstefna** - Landsáætlun í skógrækt tengist einkum 2. kafla í núgildandi landsskipulagsstefnu sem fjallar um skipulag í dreifbýli. Verður tekið mið af því sem þar kemur fram og snertir skógrækt. Einnig gæti útkoma vinnu við landsáætlun í skógrækt haft áhrif á innihald landsskipulagsstefnu við endurskoðun hennar. Nú er í gangi vinna hjá Skipulagsstofnun við [viðauka við gildandi landskipulagsstefnu](#), þar sem mótuð verður stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Skógar og skógrækt tengjast öllum þessum atriðum og gert er ráð fyrir samráði við Skipulagsstofnun um þessi málefni.

**Skipulagsáætlunir sveitarfélaga** - Tengsl landsáætlunar í skógrækt við svæðis-, aðal-, og deiliskipulagsáætlunir sveitarfélaga verða einkum í gegnum landshlutaáætlunirnar í skógrækt. Auk þessa mun samspil LSK2020 við landsskipulagsstefnu væntanlega hafa áhrif á stefnu sveitarfélaga, en sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana sinna.

**Lýðheilsustefna** - Skógar eru mikið notaðir til útivistar og fjöldi rannsókna bendir til jákvæðra áhrifa þeirra á lýðheilsu. Því verður fjallað um þennan nytjapátt skóga í landsáætlun í skógrækt.

**Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024** - Umfjöllun í landsáætlun í skógrækt mun taka mið af Byggðaáætlun, einkum köflum um atvinnuppbyggingu og sjálfbæra þróun.

**Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni** - Umfjöllun í landsáætlun í skógrækt mun taka mið af stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni, einkum hvað varðar val á landi til skógræktar og áhrif skógræktar á lífríkið.

**Náttúruminjaskrá** - Náttúruminjaskrá verður höfð til hliðsjónar við umfjöllun um val á landi til skógræktar.


Aðrar áætlunir. Um aðrar áætlunir verður fjallað eftir því sem ábendingar berast og tilefni er til.

*Helstu alþjóðasamningar og fjölþjóðasamstarf sem áhrif hefur á gerð landsáætlunar í skógrækt eru:*

- [Forest Europe](#)
- [Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Loftslagssáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#) og samþykktir
- [Eyðimerkursáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni](#)
- [Bonn-áskorunin](#)
- [Bernarsamningurinn](#) um vernd plantna og dýra og búsvæða þeirra
- [Lífríkisvernd á norðurslóðum \(CAFF\)](#)
- [Ramsarsamningurinn](#) um vernd votlendissvæða

#### 4. Vinnuferlið

Vinna við landsáætlun í skógrækt hefst með gerð þeirrar verk- og matslýsingar sem hér er sett fram til kynningar sem liður í samráði um áherslur og nálgun.



1. mynd. Landsáætlun í skógrækt er ferli eins og hér er sýnt. Það sem hér er til umfjöllunar, LSK2020, felur í sér stöðugreiningu, stefnumótun og áætlanagerð. Þeirri vinnu lýkur með samþykkt ráðherra.

Landsáætlun í skógrækt skoðast sem ferli sem er sífelld að þróast frekar en verkefni með upphaf og endi. Í ferlinu skiptast á tímabil með misjöfnum áherslum. Ferlið hefst á lýsingu, stöðugreiningu, stefnumótun og áætlanagerð. Stefnan og áætlun um framkvæmd hennar er síðan samþykkt með formlegum hætti af umhverfis- og auðlindaráðherra. Síðan tekur við framkvæmd áætlunarinnar og jafnframt árangursmat. Eftir fimm ár hefst svo ferlið á ný með stöðugreiningu.

Sá hluti ferlisins sem nú fer af stað og þessi lýsing fjallar um felur í sér fyrstu tvo þættina, þ.e.a.s. greiningu á stöðu og stefnumótun og áætlanagerð út frá henni. Þó skýrt sé að landsáætlun í skógrækt feli einnig í sér framhaldið (framkvæmd, árangursmat og endurskoðun) þá verður hugtakið hér eftir notað í þeirri merkingu sem fólki er tamt, þ.e.a.s. sem samheiti yfir þann texta sem nú verður saminn um stöðugreiningu, stefnu og framkvæmdaáætlun og skammstafað LSK2020. LSK2020 mun innihalda stefnu, áætlun um verkefni, aðgerðir og framkvæmdir í skógrækt til næstu tíu ára. Þessum þætti lýkur við það að áætlunin er færð umhverfis- og auðlindaráðherra til samþykktar. Með samþykki ráðherra verður LSK2020 að formlegri stefnu stjórnvalda í skógrækt.

Áætluðu vinnuferli er lýst í 1. töflu en samhliða kynningu á lýsingu fer fram stöðugreining á vegum verkefnisstjórnar og Skógræktarinnar frá október 2019 til janúar 2020. Í febrúar til apríl 2020 er gert ráð fyrir samráði við hagaðila, stofnanir og félög. Verkefnisstjórn nýtir upplýsingar úr samráði og mótar drög að áætlun og tilheyrandi umhverfismat. Þau drög verða auglýst og kynnt á Samráðsgátt stjórnvalda og vef Skógræktarinnar í júní 2020. Lokadrög verða síðan unnin í ágúst og september 2020 samhliða meðferð Skipulagsstofnunar á umhverfismatinu og síðan kynnt ráðherra.

1. Tafla. Áætluð tímabil verkþátta.

	2019	2020							
Verk	des	jan-feb	mar- apr	maí	júní	júlí	ágúst	sept	okt-nóv
Lýsing auglýst / samráð									
Stöðumat og greining									
Samráð við hagaðila									
Drög að stefnu og umhverfismati tilbúin									
Drög auglýst og kynnt á samráðsgátt og vef Sr									
Unnið úr athugasemdum									
Lokatillaga kynnt ráðherra									
Umhverfismatsferli									
Samþykkt ráðherra									



## 5. Samráð vegna LSK2020 og umhverfismats hennar

Kynning lýsingar markar upphaf samráðs við gerð LSK2020. Lýsingin er auglýst opinberlega í desember 2019 og kynnt á samráðsgátt stjórnvalda og á vef Skógræktarinnar, skogur.is, í sex vikur og á þeim tíma gefst öllum tækifæri til að koma skriflegum ábendingum til verkefnisstjórnar í gegnum samráðsgáttina.

Við mótun LSK2020 verður beint samráð haft við eftirtalda aðila með sameiginlegum fundum og/eða skriflega:

### Hagaðilar í skógrækt:

- Landsamtök skógareigenda
- Skógræktarfélag Íslands
- Skógfræðingafélag Íslands
- Fyrirtæki og félag tengd skógrækt, t.d. kaupendur timburs og kolefnisjöfnunaraðilar

### Ríkisstofnanir og aðrir opinberir aðilar

- Skipulagsstofnun
- Landgræðslan
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Loftslagsráð
- Byggðastofnun
- Minjastofnun Íslands


- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Grænvangur: Samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífsins um loftslagsmál og grænar lausnir
- Samband íslenskra sveitarfélaga

### Félög

- Bændasamtökin
- Landvernd
- Fuglavernd
- Hið íslenska náttúrufræðifélag
- Vistfræðifélag Íslands

Þegar drög að tillögu liggja fyrir verður hún auglýst opinberlega og gerð aðgengileg á á vef Skógræktarinnar, skogur.is og samráðsgátt stjórnvalda þar sem almenningi gefst kostur á að gera athugasemdir í minnst sex vikur.

Þá verður jafnframt vakin athygli á vinnunni með kynningarfundum, á samfélagsmiðlum og með fréttatilkynningum og auglýsingum. Vinnan verður einnig kynnt sérstaklega á árlegum fundum hagaðila, t.d. á fundum Skógræktarfélags Íslands og Landssamtaka skógareigenda.



2. mynd. Hlutverk aðila. Örvar tákna meginflæðileiðir upplýsinga.

## 6. Umhverfismat áætlana

Eins og fyrr getur er landsáætlunin háð lögum um umhverfismat áætlana og matið því samþætt mótun stefnunnar. Verður þar fylgt [leiðbeiningum Skipulagsstofnunar](#) og náið samráð haft við þá stofnun.

Umhverfismatið nýtist til þess að velja á milli þeirra kosta sem settir verða fram við mótun stefnunnar. Kostirnir verða metnir með því að

bera þá saman við þau umhverfisviðmið sem valin verða úr heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Forest Europe og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

## 7. Matslýsing

Samkvæmt skilgreiningu í lögum um umhverfismat áætlana eru umhverfisþættir eftirfarandi: Samfélag, heilbrigði, dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð og landslag. Ljóst er að skógrækt hefur meiri áhrif á suma þætti en aðra. Í verkferlinu verður unnin greining á þeim þáttum og fjallað um þá sem mest áhrif eru talin hafa. Umhverfisþættirnir eru:

- Útivist - tengist samfélagi og heilbrigði
- Atvinna/byggðamál - tengist samfélagi
- Landgræðsla - tengist plöntum, jarðvegi, samfélagi og landslagi
- Jarðvegsvernd/vatnsvernd - tengist jarðvegi og vatni
- Ásýnd lands/útsýni - tengist samfélagi og landslagi
- Áhrif á lífríkið - tengist dýrum, plöntum og líffræðilegri fjölbreytni
- Notkun innfluttra tegunda - tengist líffræðilegri fjölbreytni, samfélagi og landslagi
- Loftslag/kolefnisbinding - tengist samfélagi, líffræðilegri fjölbreytni og veðurfari

Við umhverfismatið verða kostir metnir eftir því hversu vel þeir samræmast umhverfisviðmiðunum (sjá töflu hér að neðan). Gert er ráð fyrir að við matið verði fjórar einkunnir þ.e.:

- „Jákvæð áhrif“ ef tillaga að sýn, markmiðum og áætlun styður viðkomandi umhverfisviðmið
- „Óveruleg áhrif ef

- „Óveruleg áhrif“, ef tillaga að sýn, markmiðum og áætlun hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið
- „Neikvæð áhrif“ ef tillaga að sýn, markmiðum og áætlun vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði
- „Óviss áhrif“ ef óvíst er hvort tillaga að sýn, markmiðum og áætlun hefur tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið

Mat verður lagt á hvern þeirra umhverfisþátta sem taldir eru upp hér að ofan og fleiri sem kann að vera bent á. Einnig verður fjallað um óbein áhrif og áhrif til skemmri og lengri tíma eftir því sem tilefni er til.

Rituðum heimildum um áhrif skógræktar á ofantalda umhverfisþætti verður safnað saman samfara greiningarvinnu og stöðumati LSK2020. Um hvern þeirra verður síðan gerð skýrsla um stöðu þekkingar ásamt heimildalista. Sérfræðingar Skógræktarinnar gera þetta og verkefnisstjórn samþykkir. Samhliða samráðinu um áætlunina verður samráðsaðilum gefinn kostur á að rýna skýrslurnar um umhverfisáhrifin og gera athugasemdir við þær. Þannig munu t.d. bæði fagstofnanir og umhverfisverndarsamtök koma að ritrýni umhverfismatsins. Ásamt almenningi gefst þeim svo aftur kostur á að koma með athugasemdir í kynningarferli LSK2020 og umhverfismats hennar síðsumars 2020.

Við mótun tillögu að stefnu verður lagt mat á umhverfisáhrif ólíkra kosta með því að bera þá saman við umhverfisviðmiðin. Í tilviki skógræktar með gróðursetningu trjáa er þar einkum um að ræða samanburð skógræktar við það ástand sem fyrir er á nánast skóglausu landi (núll-kost). Verður þar einnig fjallað um kosti sem felast í vali á ræktun mismunandi trjátegunda í tengslum við mismunandi markmið með skógrækt ásamt því að fjallað verður um áhrif mismunandi kosta í umfangi/útbreiðslu skóga og m.t.t. staðsetningar á landinu út frá bæði skógræktarskilyrðum og verndarsjónarmiðum. Í tilviki aðgerða til endurheimtar náttúruskóga með friðunaraðgerðum verður samanburðurinn við óbreytta landnotkun.

Í umhverfisviðmiðum verður miðað við markmið laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna og Forest Europe, en þau skarast nánast fullkomlega þegar grannt er skoðað enda byggð að miklu leyti hvert á öðru. Þau eru tekin saman í 2. töflu. Í töflunni er gerð fyrsta tilraun til að meta mikilvægi/áhrif skógræktar á mismunandi umhverfisþætti og hefur það mat ekki hlotið teljandi rýni. Það mun breytast eftir því hvernig LSK2020 og umhverfismat hennar þróast. Því ber ekki að gera mikið úr flokkuninni á þessu stigi

Umhverfisvísar sem taldir eru upp eru mælanlegir þættir sem gefa til kynna hversu mikil eða víðtæk áhrif skógræktar séu líkleg til að vera á viðkomandi umhverfisþætti. Þeir umhverfisvísar sem unnið verður með við einkunargjöf eru m.a.:


- Notkun fólks á skógum til útivistar
- Atvinna við skógrækt
- Flatarmál skóga á rofnu landi
- Viðhorf fólks til landslags/útsýnis (byggt á könnunum)
- Áhrif skóga á lífríkið, þ.m.t. fugla og plöntur (byggt á rannsóknnum)
- Áhrif og ágengni innfluttra trjátegunda (byggt á rannsóknnum)
- Kolefnisbinding með skógrækt (byggt á rannsóknnum)

Þessa sömu punkta má allt eins orða sem matsspurningar og verður umfjöllunin um hvern lið þá svör við þeim spurningum.

Í flestum tilvikum er ekki um vöktun á þessum vísam að ræða og því ekki hægt að byggja á tölulegum niðurstöðum héraendis. Með sumt er hægt að bæta það upp með erlendum tölum en að hluta verður að byggja á eigindlegum gögnum. Áhersla verður á að byggja niðurstöður matsins á ritrýndum rannsóknnum en forðast að byggja á lítt studdum skoðunum.


Ætla má að fyrir hverja matsspurningu, t.d. hver eru áhrif skógræktar á tiltekinn stofn fugla, verði svarið þess eðlis að það fari einkum eftir umfangi og staðsetningu skógræktar. Í sumum tilvikum getur það

farið eftir aðferðum sem beitt er við skógrækt eða trjátegundum. Í niðurstöðum matsins má því ætla að lagðar verði fram ábendingar um hvernig best sé að standa að skógrækt til að forðast neikvæð umhverfisáhrif. Það hefur áður verið gert með samstarfi um [Skógrækt í sátt við umhverfið](#).



2. Tafla Samspil umhverfisviðmiða, umhverfisþátta og umhverfisvísa sem unnið verður með í umhverfismatsskýrslunni. Mikilvægisskalinn: 1 = mikilvægast, 2 = miðlungs, 3 = minnst vægi. Ekki ber að gera mikið úr þeirri flokkun á þessu stigi.

Umhverfisviðmið	Heimsmarkmið SP	Mannlíf / samfélag	Atvinna	Afurðir / nýsköpun	Verðmæti lands	Landsnotkun	Ræktunarskilyrði	Útivist	Heilbrigði	Slysaheitta	Fornleifar	Náttúra	Landslag ásýnd	Jarðvegur	Jarðvegsrof	Grunnvatn og vatnsmiðlu	Líffræðileg fjölbreytni	Gróður / dýralíf	Sjálfbærni	Lofslagsbreytingar	Loftegæði / nærveður	Umhverfisvísar
FE1: Viðhald og eðlileg aukning skógarauðlinda og þáttur þeirra í kolefnisbúskap heimsins.	Heimsmarkmið 13 Aðgerðir í loftslagsmálum	1	2	1	2	2	2	3	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	Kolefnisbinding Viðarvöxtur Skógarskrá Heildarflatarmál skóga Flatarmál nýrra skóga Flatarmál nýrra birkiskóga
FE2: Viðhald heilbrigðis og þröttar skógarvistkerfa	Heimsmarkmið 15	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	Fjöldi skaðvalda Útbreiðsla skaðvalda Vöktun á heilbrigði skóga
FE3: Viðhald og efling á framleiðni skóga (viðar og annarra afurða eða virkni)	Heimsmarkmið 8, 9, 11 og 13	1	1	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	Aukning í timburframleiðslu Hagvaxtartölur Viðarvöxtur vs. felling
FE4: Viðhald, verndun og eðlileg aukning líffræðilegrar fjölbreytni í skógarvistkerfum	Heimsmarkmið 15	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	Fjöldi tegunda dýra/jurta, breytingar á fjölda Vöktun á ágengum tegundum Flatarmál náttúrulegra skóga
FE5: Viðhald, varðveisla og eðlileg efling verndarhlutverksins í skógrækt (einkum jarðvegur og vatn)	Heimsmarkmið 3 Hreint vatn	1	1	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	Flatarmál skóga til vatnsverndar Flatarmál skóga á rofnu landi
FE6: Viðhald annarra félags- og efnahagslegra hlutverka skóga	Heimsmarkmið 3	2	1	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	Fjöldi skógargesta Fjöldi starfa í skógargeiranum Skráning minja



## 8. Framkvæmd og eftirfylgni

Eftir útgáfu LSK2020 verður hafist handa við að framfylgja henni. Skógræktarstjóri ber ábyrgð á því. Eftirfylgni og upplýsingaöflun um framgang mála verður á hendi Skógræktarinnar og mun hún taka breytingum miðað við núverandi stöðu eftir því sem ákveðið verður í LSK2020. Þá verður einnig innleidd eftirfylgni með umhverfisáhrifum áætlunarinnar eftir því sem við á. Vísar sem notaðir verða til að greina árangur landsáætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Flatarmál ræktaðra skóga - vísar til árangurs í uppbyggingu skógarauðlindar

- Flatarmál náttúruskóga - vísar til árangurs í útbreiðslu náttúruskóga
- Flatarmál skóglendis á rofsvæðum - vísar til árangurs við að nota skógrækt til uppgræðslu
- Flatarmál varanlegrar skógareyðingar - vísar til árangurs í skógvernd
- Kolefnisbinding í skógum - vísar til árangurs í að ná markmiðum í loftslagsmálum
- Hlutfall ræktaðra skóga undir ræktunaráætlunum - vísar til árangurs í skipulagningu skógræktar

Upplýsingar sem þannig verða til nýtast svo við endurskoðun áætlunarinnar sem á sér stað eigi seinna en árið 2025.

